

15. Frumvarp

til laga um gjaldeyrisverzlun o. fl.

(Lagt fyrir alþingi 1934.)

1. gr.

Landsbanki Íslands og útvegsbanki Íslands h.f. hafa einkarétt til þess að verzla með erlendan gjaldeyri, þangað til öðru vísi kann að verða ákveðið af fjármálaráðherra með reglugerð. Bönkunum skal skylt að hlíta þeim reglum um gjaldeyrisverzlunina, sem fjármálaráðherra setur.

Með reglugerð er heimilt að setja þau ákvæði, er þurfa þykir til þess að tryggja, að íslenzkar afurðir, sem fluttar eru til útlanda, verði greiddar með erlendum gjaldeyri og að hann renni til bankanna.

2. gr.

Með reglugerð er heimilt að ákveða, að engar vörur megi flytja til landsins og að engan erlendan gjaldeyri megi láta af hendi, nema með leyfi gjaldeyris- og innflutningsnefndar, sbr. 4. gr.

3. gr.

Gjaldeyris- og innflutningsnefnd skal skipuð fimm mönnum, sem fjármálaráðherra skipar. Skal einn þeirra skipaður samkvæmt tilnefningu bankastjóra landsbanka Íslands, einn samkvæmt tilnefningu bankastjóra útvegsbanka Íslands h.f. og þrír af fjármálaráðherra án tilnefningar, og sé einn þeirra formaður og framkvæmdarstjóri nefndarinnar. Ef nefndarmaður forfallast um lengri tíma, skipar fjármálaráðherra varamann um stundarsakir eftir sömu reglum og aðalmenn eru skipaðir.

4. gr.

Fjármálaráðherra setur nefndinni reglur um það, á hvern hátt hún skuli haga störfum sínum. Heimilt er að veita nefndinni með reglugerð vald til þess að setja þau skilyrði fyrir leyfisveitingum, sem ástæða þykir til.

5. gr.

Lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi, og tollstjórinn í Reykjavík skulu láta gjaldeyris- og innflutningsnefnd í té nákvæma skýrslu um magn, tegund og

söluverð útflyttrar vöru jafnskjótt sem skip það, er vörurnar flytur, leggur frá landi. Enn fremur skulu þeir eigi síðar en 5. hvers mánaðar láta nefndinni í té skýrslu um innflutning í næsta mánuði á undan; skal skýrslan vera í því formi, er nefndin ákveður í samráði við hagstofustjóra.

6. gr.

Brot á lögum þessum eða reglugerðum þeim og auglýsingum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 50000.00, nema þyngri refsing liggji við. Sömu hegningu varðar það, ef leyfishafi brýtur þau ákvæði, er gjaldeyris- og innflutningsnefnd kann að hafa sett sem skilyrði fyrir leyfisveitingum. Enn fremur er upptækur sá ágóði, er fæst við brot á lögum þessum, reglugerðum og auglýsingum eða skilyrðum gjaldeyris- og innflutningsnefndar fyrir leyfisveitingum.

7. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum, reglugerðum þeim og auglýsingum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Með lögum þessum er numin úr gildi 3.—6. gr. laga nr. 48, 4. júní 1924 og lög nr. 1, 8. marz 1920.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarpi þessu er ætlað að koma í stað laga nr. 1 frá 1920, um heimild fyrir landstjórnina til að takmarka eða banna innflutning á óþörfum varningi, laga nr. 48 frá 1924, um gengisskráning og gjaldeyrisverzlun, nema að því er snertir ákvæði þeirra laga um gengisskráningu, og enn fremur bráðabirgðalaga um gjaldeyrisleyfi, innflutning o. fl. frá 8. marz 1934. Eru þau bráðabirgðalög prentuð hér með sem fylgiskjal.

Frumvarpið felur í sér tvær aðalbreytingar frá þeim ákvæðum, sem nú gilda um þessi mál, og skal að þeim vikið.

1. Samkv. frumvarpinu hefir ríkisstjórnin heimild til þess að ákveða að allur vöruinnflutningur til landsins sé háður leyfum, en samkv. núgildandi bráðabirgðalögum er henni heimilt að ákveða, að leyfi gjaldeyrisnefndar þurfi til að flytja inn vissar vörur. Reynslan hefir sýnt það, að til þess að hafa nægileg tök á innflutningnum, eru gildandi fyrirmæli ófullnægjandi. Liggja til þess m. a. þær ástæður, að þegar takmarkaður er innflutningur á vissum vörum, leita verzlunarmenn eftir því að hafa á boðstólum í staðinn aðrar vörur, sem ekki eru takmarkaður innflutningur á, en þeir hafa ekki áður verzlað með, og myndast þannig óeðlilegur innflutningur ýmsra vörutegunda, sem koma verður í veg fyrir. Fleira kemur og til greina og verður rakið í framsögu.

2. Samkvæmt frumvarpinu er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að *engan*

erlendan gjaldeyri megi láta af hendi, nema með leyfi gjaldeyris- og innflutningsnefndar. En í lögum um gjaldeyrisverzlun nr. 48, frá 1924 er sú undantekning gerð, að erlendur gjaldeyrir verði ekki tekinn til umráða handa bönkum „ef eigandi hans færir sönnur á, að hann þurfi að nota gjaldeyrinn til þess að borga nauðsynjavörur til atvinnurekstrar síns eða nauðsynleg tæki til hans á næstu 6 mánuðum eða þurfi að nota hann til fullnægingar skuldbindingum, sem hann hefir tekið á sig vegna atvinnurekstrar síns, nema nefndin tryggi honum yfirfærslu í því skyni á allt að jafnmiklum gjaldeyri þegar hann þarf með“. Þessi undantekning, jafnvíðtæk sem hún er, hefir valdið mjög miklum örðugleikum við framkvæmd skipulagðrar gjaldeyrisverzlunar og þarf að afnema hana, ef koma á þeim leiðréttingum fram í þeim málum, sem þörf er á.

Greiðslujöfnuður ársins 1933, hinn mjög svo óhagstæði verzlunarjöfnuður það sem af er þessu ári og horfur á ýmsum örðugleikum á sölu afurða landsmanna á næsta ári, virðist gera alveg óhjákvæmilegt að breyta löggjöfnni um gjaldeyris- og innflutningsmálin á þann hátt, sem ráð er fyrir gert í þessu frumvarpi.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög

um gjaldeyrisleyfi, innflutning o. fl.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Fjármálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að vegna utanríkisverzlunar landsmanna og vegna atvinnu- og framleiðslu innanlands, sé nauðsynlegt að stjórnin geti með veitingu gjaldeyrisleyfa haft fastari tök á vöruinnflutningnum en nú er.

Með því að svo er ástatt, sem að framan greinir, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar frá 18. maí 1920.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða það að til þess að flytja vissar vörur eða vöruflokka til landsins þurfi leyfi gjaldeyrisnefndar, sbr. 2. gr., með þeim skilyrðum sem nefndin setur.

2. gr.

Gjaldeyrisnefnd skal skipuð fimm mönnum og skipar fjármálaráðherra þrjá, stjórn Landsbankans einn og stjórn Útvegsbanka Íslands h.f. einn. Fjármálaráðherra skipar formann nefndarinnar. Kostnaður við nefndina greiðist að hálfu úr ríkissjóði og $\frac{1}{4}$ af hvorum bankanna.

3. gr.

Allar beiðnir um kaup á erlendum gjaldeyri skulu sendar nefnd þessari með hæfilegum fyrirvara, með itarlegri greinargerð um til hvers gjaldeyrinn eigi að nota. Tekur nefndin ákvarðanir um hvaða kaupbeiðnum skal sinnt.

4. gr.

Ríkisstjórnin setur gjaldeyrisnefnd reglur um það, á hvern hátt skuli úthluta gjaldeyrisleyfum.

5. gr.

Allar ráðstafanir ríkisstjórnarinnar um úthlutun gjaldeyrisleyfa, skulu bornar undir nefnd, er sé skipuð þannig: Fjármálaráðherra skipar einn, og er hann formaður nefndarinnar, og auk þess skipa eftirtaldir aðilar einn mann hver, ef þeir óska: Stjórn verzlunarráðsins, stjórn sambands ísl. samvinnufélaga, stjórn alþýðusambands Íslands, stjórn sölusambands ísl. fiskframleiðenda, stjórn búnaðarfélags Íslands, stjórn landssambands iðnaðarmanna, stjórn iðnrekendafélagsins. Nefndin skal vera ólaunuð.

6. gr.

Lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi, og tollstjórinn í Reykjavík skulu láta gjaldeyrisnefndinni í té nákvæma skýrslu um magn, tegund og söluverð útfluttrar vöru jafnótt og skip það, er vöruna flytur, leggur frá landi. Ennfremur skulu þeir, eigi síðar en 5. hvers mánaðar, láta nefndinni í té skýrslu um innflutning í næsta mánuði á undan, og skal skýrslan vera í því formi, er hagstofstjóri ákveður í samráði við nefndina.

7. gr.

Brot á lögum þessum eða reglugerðum þeim og auglýsingum er settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 50000 kr. Sömu hegningu varðar það, ef leyfishafi brýtur þau ákvæði, er nefndin kann að hafa sett, sem skilyrði fyrir veitingu gjaldeyrisleyfis. Enn fremur er upptækur sá ágóði, er fæst við brot á lögum þessum, reglugerðum eða auglýsingum eða skilyrðum gjaldeyris- og innflutningsnefndar fyrir leyfisveitingu.

8. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum, reglugerðum þeim og auglýsingum er settar kynnu að verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 1, 8. marz 1920, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að takmarka og banna innflutning á óþarfa varningi.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Þær vörur, sem komnar eru í skip í útlöndum áleiðis hingað, þá er lög þessi öðlast gildi, má flytja inn á sama hátt og verið hefir. Sama er að segja um þær vörur, sem þegar hefir verið veitt innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amalienborg, 8. marz 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Í nafni konungs

Frederik
rikisarfi.
(L. S.).

Ásgeir Ásgeirsson.